

Ársskýrsla fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum 2018

Skipun nýs fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 11.10.2017 var Menntamálastofnun falið að kalla opinberlega eftir aðilum í sameiginlegt sex manna fagráð í eineltismálum fyrir grunn- og framhaldsskólastigið, (þrjú aðalmenn og þrjú varamenn) og auglýsti stofnunin þann 5.12.2017 eftir tilnefningum í fagráðið á heimasíðu sinni og var auglýsingunni dreift á póstlista stofnunarinnar. Umsóknarfrestur var veittur til 22.12.2017, en var síðan framlengdur til 11.1.2018. Í auglýsingunni voru settar fram hæfnikröfur um faglega þekkingu, menntun og reynslu sem nýttist við forvarnir gegn og við úrlausn samskiptavanda og eineltis í skólum. Einnig var gerð krafa um góða samskiptahæfni, reynslu og var góð kunnátta í stjórnsýslulegri meðferð mála talin æskileg.

Alls bárust 10 umsóknir innan tilskilins frests, en 3 umsóknir bárust eftir að umsóknarfresti lauk. Menntamálastofnun yfirfór innsendar umsóknir og vann grunnmat samkvæmt hæfniskilyrðum þeim sem tilgreindar voru í auglýsingu og lagði fram tillögu til ráðuneytisins að skipan fagráðsins.

Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum var skipað af mennta- og menningarmálaráðherra Lilju D. Alfreðsdóttur 13. febrúar 2018 til fjögurra ára og var þannig skipað: Bóas Valdórsson, Sigríður Lára Haraldsdóttir og Sigrún García Thorarensen. Varamenn eru: Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Kristín Lilliendahl og Selma Barðdal Reynisdóttir.

Fyrsti fundur nýskipaðs fagráðs var haldinn 20.3.2018 og á fundi fagráðs 22.3.2018 var ákveðið að Sigríður Lára Haraldsdóttir yrði formaður og Sigrún García Thorarensen varaformaður.

Hlutverk og lagarammi

Hlutverk fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum er að veita skólasamfélaginu stuðning vegna eineltismála með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Hægt er að vísa eineltismálum til fagráðsins ef ekki tekst að vinna fullnægjandi lausn innan skóla eða sveitarfélags. Skal þá fagráðið veita ráðgefandi álit á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem því berast.

Þeir sem geta leitað til fagráðsins eru nemendur, foreldrar/forráðamenn og starfsfólk grunn- og framhaldsskóla. Einnig aðilar sem starfa með börnum í skóla-, frístunda- eða tómstundastarfi sem hefur stöð í grunnskólalögum.

Fagráðið starfar í samræmi við ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum [nr. 1040/2011](#) og ákvæði í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum [nr. 326/2016](#). Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti þann 4. janúar 2019 endurskoðaðar verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum. Um leið féllu úr gildi fyrri verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í grunnskólum frá 17. maí 2016.

Fjármál

Kostnaðaráætlun fagráðs fyrir árið 2018 var samtals 6 millj. kr. Þar af voru 4 millj. kr. ætlaðar í þóknun til handa fagráðinu og 2 millj. kr. í annað (ferðakostnaður málsaðila á fund fagráðs, ferðir fagráðs og annað tilfallandi).

Fagráðið fundar tvisvar í mánuði en getur fundað oftari ef þurfa þykir, (skv. verklagsreglum). Kostnaður pr. fund með fullri mætingu er 137.500.- kr. (2x25.000.- + 37.500). Formaður fær 50% álag. Hver fundur er skilgreindur sem 2ja tíma fundur og eins tíma fundur á milli funda.

Yfirlit yfir afgreiðslur mála:

Yfirlit yfir ráðgefandi álit fagráðs árið 2018:

Dags. álits		Kyn þolanda	Skipt um skóla
31. maí 2018	Grunnskóli	Drengur	Já

Eins og sjá má var einungis eitt mál tekið til meðferðar árið 2018, en fagráðið var skipað í mars 2018 og tók til starfa fljótlega í framhaldinu.

Fundir fagráðs

Alls voru haldnir 12 fundir á árinu 2018. Allnokkrir fundir voru haldnir bæði með aðal- og varamönnum en það voru fundnir sem vörðuðu vinnu vegna innri málefna fagráðs, svo sem: breytingar á heimasíðu, kynningarmál, verklagsreglur, vinnureglur og fl. Einnig var í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf vinnuferill á meðferð gagna fagráðs unnin í samstarfi við lögfræðing Menntamálastofnunar.

Kynningarmál

Kynningarbréf var sent til skólasamfélagsins 29.1.2019 með aðstoð Heimilis og skóla, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sambands íslenskra framhaldsskólanema, en þessir aðilar sendu kynningarbréfið á sína póstlista. Ein kynning var haldin á fagráðinu en það var á samráðsfundi ráðuneytis og skólameistara 9.11.2018.

Fyrirspurnir og mál til meðferðar.

Fyrirspurnir til fagráðs hafa aðallega snúist um ráðgjöf um hvert fólk á að leita og þá í eineltismálum almennt, líka eineltismálum þar sem meintur þolandi er starfsmaður skóla. Áberandi er að sumir byrja á því að hafa samband við fagráðið en málið er þess eðlis að skólinn hefur ekki fengið tækifæri til viðbragða og aðrir gera sér ekki grein fyrir næsta stigi í málinu, sem er skólaskrifstofan.

Einnig eiga oft í hlut einstaklingar sem hafa sjálfir orðið fyrir einelti í barnæsku og eru reiðir þegar þeirra barn verður fyrir því sama. Þá verður reiðin oft snúin og margþætt þar sem þeirra eigin mál flækjast oft fyrir eðlilega, þar sem fortíðin er óafgreidd. Þessir einstaklingar þurfa oft á tíðum bara að létta á sér og tala við einhvern. Í sumum málum kemur í ljós eins og svo oft áður að vinnsla málsins beinist að meintum þolanda en það er ekki unnið rétt með málið, þ.e. að taka allan bekkinn/hópinn í meðferð til að m.a. vinna að bættum skólabrag og uppræta eineltið.

Skilgreining á einelti – Um einelti

Mikill tími og orka fer oft í það hjá skólum að skilgreina hvort um einelti sé að ræða eður ei þegar mál koma upp. Fagráðið hefur kosið að skilgreina ekki sérstaklega einelti heldur kys að tala um samskiptavanda og setti fagráðið fram eftirfarandi skilgreiningu á vandanum og birti á heimasíðu Menntamálastofnunar:

Um einelti: Það er ekki einfalt að ákveða hvort um einelti sé að ræða þegar samskiptavandi kemur upp. Samskiptavandi birtist á margvíslegan máta og er misalvarlegur. Í mörgum tilfellum geta einstaklingar sjálfir leyst úr málunum og þurfa að fá tækifæri til þess svo samskiptafærni þeirra megi þroskast. Stundum er um misskilning að ræða, stundum verður einstaklingur aðeins of heitt í hamsi eða ákveðinn galsi fer úr böndunum en stundum verður þó til neikvætt mynstur í samskiptum sem einstaklingar geta

ekki sjálfir leyst sín á milli og fer að hafa neikvæðar afleiðingar á líðan viðkomandi. Samskiptin geta verið með eða án orða, svo sem að gera lítið úr, móðga, ógna, beita ofbeldi, hunsa, gefa augnaráð eða svip o.fl. Það má segja að einelti sé alvarlegasta stig samskiptavanda; þegar síendurtekin hegðun er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður og reka eða útskúfa viðkomandi úr samfélagi jafningja.

Þegar upp kemur vandi í samskiptum er mikilvægt að orka og athygli fari ekki eingöngu í að skilgreina hversu alvarlegur vandinn er og hvort um einelti sé að ræða eða ekki. Mikilvægast er að finna farsælar leiðir til að takast á við vandann, skoða umhverfið í heild sinni og gefa öllum aðilum máls tækifæri til að axla ábyrgð á hegðun sinni og breyta til hins betra. Því þegar allt kemur til alls þá er vandinn sá sami, hvaða nafni sem við köllum hann.

22. október 2019
f.h. fagraðs eineltismála
Erla Ósk Guðjónsdóttir